

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, nr. 594/2004.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 415/2004 frá 5. mars 2004 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum, sem vísað er til í 56n í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2004 frá 9. júlí 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2004, sbr. 1. gr., hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 65, dags. 23. desember 2004 (bls. 28). Reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar nr. 415/2004 er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari og verður hluti af henni.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 3. júní 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 415/2004**

frá 5. mars 2004

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 frá 5. nóvember 2002 um að koma á fót nefnd um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) og um breytingu á reglugerðum um siglingaöryggi og varnir gegn mengun frá skipum (⁽¹⁾), einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 2099/2002 er COSS-nefndinni komið á fót.
- 2) Hlutverk COSS-nefndarinnar er að miðstýra verkefnum nefndanna, sem komið er á fót samkvæmt löggjöf Bandalagsins um öryggi á höfunum, afstýra mengun frá skipum og vernda aðbúnað og vinnuskilyrði um borð.
- 3) Í allri nýrri löggjöf Bandalagsins, sem er samþykkt á sviði öryggis á höfunum, skal skírskotað til COSS-nefndarinnar.
- 4) Í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins (⁽²⁾) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE. Í stað þessarar nefndar kemur COSS-nefndin samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2099/2002.
- 5) Í 28. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/75/EBE (⁽³⁾) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar nefndar.
- 6) Í 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip (⁽⁴⁾) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.

- 7) Í 11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa (⁽⁵⁾) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli njóta aðstoðar COSS-nefndarinnar.
- 8) Breyta skal 2. mgr. 2. gr. skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002 með það fyrir augum að fella inn í hana tilvísun í gerðir Bandalagsins, sem hafa öðlast gildi eftir samþykkt þeirrar reglugerðar, þar sem nefndinni um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) er veitt framkvæmdavald.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um öryggi á höfunum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2099/2002:

„p) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB frá 18. febrúar 2002 um formsatriði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í aðildarríkjum Bandalagsins (*),

q) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/59/EB frá 27. júní 2002 um stofnun eftirlits- og upplýsingakerfis Bandalagsins fyrir umferð á sjó og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 93/75/EBE (**),

r) reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 782/2003 frá 14. apríl 2003 um bann við því að nota lífræn tinsambönd á skip (***),

s) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa (****).

(*) Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.

(**) Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.

(***) Stjtið. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.

(****) Stjtið. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 31.⁽³⁾ Stjtið. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 208, 5.8.2002, bls. 10.⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 115, 9.5.2003, bls. 1.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 123, 17.5.2003, bls. 22.

Nr. 577

3. júní 2005

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

framkvæmdastjóri.